

Deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjaneshafnar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Hafnargötu 91 og gerir ráð fyrir blandaðri starfsemi stofnana, þjónustu, verslunar og íbúða.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Reykjaneshafnar, 13. febrúar 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að gangbrautarljós verði sett á Kringlumýrarbraut, norðan Hamrahlíðar.

Ákvörðun þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. febrúar 2004.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

**staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar nr. 718 7. desember 1998.**

Stjórn Námssjóðs Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. hefur samþykkt þá breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 3. desember 1998 að nafn sjóðsins verði hér eftir Náms-
sjóður Eskju hf.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.